

# Starfsreglur foreldraráðs leikskólans Fossakots

## Lög um leikskóla

### IV. kafli 11. gr. foreldraráð.

Kjósa skal foreldraráð við leikskóla og skal leikskólastjóri hafa frumkvæði að kosningu í ráðið. Í foreldraráði sitja að lágmarki þrír foreldrar. Skal kosning til foreldraráðs fara fram í september á ári hverju og skal kosið til eins árs í senn. Foreldraráð setur sér starfsreglur. Leikskólastjóra ber að starfa með foreldraráði. Leikskólastjóri getur sótt um undanþágu til sveitarfélags um stofnun foreldraráðs ef gildar ástæður eru fyrir hendi, svo sem vegna fámennis í leikskóla.

Hlutverk foreldraráðs er að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

### Starfsreglur foreldraráðs leikskólans Fossakots

1. Foreldraráð starfar eitt skólaár í senn þ.e. frá 1. nóvember til og með 31. október ár hvert og fundar einu sinni á hvorri önn og oftár eftir þörfum.
2. Í upphafi hvers skólaárs óskar leikskólastjóri eftir nýjum framboðum. Skal það gert á foreldrafundi ásamt auglýsingum fyrir framan hverja deild.
3. Leitast skal við að í ráðinu séu foreldrar barna á mismunandi aldurstigum, þannig að a.m.k. einn fulltrúi haldi áfram næsta ár á eftir, til að tryggja samfellu í starfi ráðsins.
4. Á fyrsta fundi ár hvert skal formaður, ritari og fulltrúi foreldra vera skipaðir.
5. Fulltrúa í ráðinu og starfreglur þess skulu kynnt á heimasíðu leikskólans.
6. Foreldraráð starfar með leikskólastjóra og skal vera tengiliður við aðra foreldra.

7. Leikskólastjóri skal upplýsa ráðið um hver þau mál sem snert geta starfsemi skólans og ráðið fjallar um. Ráðið skal halda fundargerðabók og sjá til þess að fundargerðir séu aðgengilegar á heimasíðu skólans.
8. Foreldraráð skal beita sér fyrir lýðræðislegum vinnubrögðum í samskiptum við foreldra, leikskólastjóra og borgaryfirvöld.

Helstu verkefni:

Ráðið skal vera umsagnaraðili um skólanámskrá, skóladagatal og áætlun vetrarins með leikskólastjóra. Ráðið skal einnig fjalla um ábendingar frá foreldrum og allar stærri ákvarðanir sem hafa áhrif á starf skólans.

Komi upp tilvik sem foreldraráð telur að þarfnist umræðu í öllum foreldrahópnum skal ráðið boða til fundar með foreldrum þar sem málin skulu rædd og lýðræðislegar ákvarðanir teknar. Foreldraráð fylgir þeim ákvörðunum síðan eftir.

Starfsreglur þessar skulu endurskoðaðar í lok hvers skólaárs. Til stuðnings sem og nánari útfærslu starfsreglna þessara er vísað í 11. grein laga um leikskóla.